

hsv



Vestmannaeyjaskátar eru velþekktir á Íslandi, enda hafa þeir verið tíðir og góðir gestir á íslenskum skátamótum. Færri vita þó að í Eyjum er starfandi ágætlega þjálfuð hjálparveit, og er hún jafnvíg á sjó, í klettum og á landi. Til marks um þjálfun hennar í fjöllum var fyrrverandi júgóslavneskur Alpahersveitarmaður fenginn, til að þjálfa hana í sigi og fjallaferðum, einnig björgun úr fjöllum og jöklaferðum.

Og svo fór að gjósa, og tilefni þessarar greinar er að miðla fréttum af starfi HSV við björgunarstörf á þeim vígstöðvum.

Siggi sveitarforingi lá í bæli sínu að vanda, þegar einn úr sveitinni kom askvaðandi og ræsti hann út, því nú væri Helgafellið farið að gjósa. Þeir hlupu niður í húsnæði sveitarinnar, þar sem hinir félagarnir voru komnir eða voru að koma. Í snarhasti voru sjúkrabörur, teppi, ljós o.fl. dót tekið til og haft til reiðu. Þá hafði enn ekki verið beðið um aðstoð sveitarinnar, en eftir því var ekki beðið, heldur farið í hasti á lögreglustöðina með búnaðinn. Skátarnir voru strax sendir á elliheimilið og áttu að sjá um að gamla fólkið kæmist örugglega í báta. Þetta var ekki létt verk, en gekk greiðlega, því að fengin var rúta og síðan var öllum ekið niður á bryggju og hjálpað í bátana. Af skiljanlegum ástæðum gekk þó erfiðlega að koma sumum burtu. Næst fóru skátarnir upp á sjúkrahús, nú hafði komið í ljós að flugvöllurinn var heill og flugvélar voru á leiðinni til að sækja fólk. Var ákveðið að flytja alla sjúklingana með þeim. Voru nú nokkrir sendir upp á flugvöll til að halda þar uppi lögum og reglu þ.e. passa að fólk ryddist ekki í eða fyrir flugvélar, þessara ráðstafana var sem betur fer ekki þörf, þar sem allt fór þróðmannlega fram. Hinir sem eftir urðu, aðstoðuðu við undirbúning og brottflutning sjúklinga. Þar sem flestir Eyjabúar höfðu yfirgefið eyna með bátum varð brátt skortur á farþegum til að fylla flugvélar, því voru þeir sem halda áttu uppi lögum á flugvellinginum sendir niður í bæ, til að reka á eftir fólki, og koma því í flugvélar. Þegar hér er komið sögu eru aðeins fáir eftir í Eyjum, þ.e. lögregla, slökkvilið, H.S.V. og nokkrir aðrir aðilar á þeirra vegum.



Nokkrir félagar H.S.V. sem í landi voru, komust til Eyja strax fyrstu nóttina. Einn þeirra er Bjarni Sighvatsson, sem eitt sinn var sveitarforingi H.S.V. Frásögn hans af atburðunum var eitthvað á þessa leið:

"Þegar hringt hafði verið til mín frá Eyjum, gosnóttina leitaði ég eftir fari út. Ég reyndi að ná í Almannavarnir, en þar fundust hvergi, jafnvel lögreglan vissi ekki, hvar þar væri að finna. Ég fór því í flugturninn, ef vera skildi að þeir gætu hjálpað mér um far út. Þar frétti ég um varnarliðsþyrlu, sem var að koma inn til lendingar með sjúklinga og komst ég með henni til baka. Til Eyja var ég því kominn um 6 leytið þann morgun. Þá var bærinn þegar tómur og lítið að gera. Ekki stóð það þó lengi yfir og næstu kvöld var farið að bera út úr húsum. Var þar um að ræða frjálst framtak þeirra, sem í Eyjum voru, því skipulegir flutningar hófust ekki fyrr en síðar. Væð þessa flutninga aðstoðuðu félagar H.S.V. Að sjálfsögðu var strax hafinn flutningur úr þeim húsum, sem næst stóðu og í augljósri hættu voru. Þannig var það að 3. í gosi var hafinn flutningur úr húsi, sem var að komast í eldlínuna, án þess að haft væri samband við eiganda og eigandinn kærði atburðinn. Kom þetta af stað leiðinda mórál og dró úr flutningum þar til að í ljós kom, að löglegt var að yfirtaka bíla og flytja úr húsum án sambands við eiganda. Í stað þess að styðjast við rykfallinn lagakrók í þessu sambandi hefði verið gott að hafa skýlaus lög um neyðarráðstafanir, sem hægt hefði verið að grípa til við þessar aðstæður.

Þriðja í gosi var svo farið að veita Eyjaskeggjum leyfi til að snúa heim, til að bjarga eigum sínum. Upp úr helgi fóru svo fleiri björgunarmenn að koma, þar á meðal hjálparsvéitirnar ofan af landi. Þegar hér var komið sögu voru meðlimir H.S.V. orðnir þreyttir og syfjaðir, Tóku þeir þá að sér ýmsar leiðbeiningar og léttari störf. Þegar svo skipulagning hafði náð yfirhöndinni yfir fálmennd björgunarstörf, höfðu félagar H.S.V. með höndum leiðbeiningar fyrir vinnuflokka, sem til Eyja komu og stóðu í ýmsum reddingum, sem kröfðust staðarþekkingar. Þannig leiðbeindu þeir til dæmis smiðum um bæinn og brunaliðsmönnum, einhverjir urðu að vörubílsstjórum, aðrir störfuðu við birgðavörzlu og ég og Siggí aðstoðuðum Svein, þ.e. Patton, við skipulagningu og komum boðum um aðgerðir til réttra aðilja."

Um það hvernig sveitin hefði verið undir þetta búin, svaraði hann: "Ég held að mikil þjálfun hefði ekki komið að miklu gagni, þarna gildi aðeins samvinna. Að mínu áliti stóð sveitin sig mjög vel fyrstu dagana t.d. við tæmingu elliheimilisins og sjúkrahússins."

Nú, mánuði síðar, eru nokkrir félaganna enn úti í Eyjum, en hinir sem hérlendis eru, eru um það bil að hefja aftur starfsemi sína og aðlaga sig breyttum staðháttum.

